

Fundargerð 37. fundar Skráningarráðs Gegnis mánudaginn 7. apríl 2008
haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37 kl. 10.30 – 12.15.

Fundarmenn: Hulda Ásgrímsdóttir, Jóhanna Diðriksdóttir (fundarritari), Ragna Steinarsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir. Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir, ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

2. Barnaleikrit eða annar flutningur með tónlist

Tillaga Huldu með leiðbeiningum um val á formi samþykkt með fyrirvara um að bæta inn einu dæmi, hún tekur að sér að setja tilkynningu á Vöndu. Efnisorðið tónlistarmyndbönd kom til tals og ætlar Ragna að skoða það nánar. Þetta er samþykkt efnisorð. Hulda talaði um svið 505, um nauðsyn þess að ekki væri bætt inn viðbótartexta t.d. innihald, þar sem þessa upplýsingar koma fram í fyrirsögn við sviðið á gegnir.is (sjá færslu nr. 000985002) Ákveðið var að það yrði áréttað á Vöndu.

3. Samráðsfundur skrásetjara

Ákveðið að boða til samráðsfundar skrásetjara þann 18. apríl frá kl. 10 –12 í nafni skráningarráðs og að umræðuefni fundarins verði nafnmyndir stofnana. Formaður skráningarráðs boðar fundinn. Ragna ætlar að taka að sér undirbúning fundarins.

4. Nótur

Tekin var til umræðu fyrirspurn nótnahóps Gegnis um svið 008, sæti 20 og svið 048. Var samþykkt að nóg væri að kóða eingöngu deilisvið a í sviði 048 og sleppa deilisviði b. Einnig var samþykkt að óþarft væri að kóða sæti 20 í sviði 008 þar sem fram kemur form á nótum, t.d. hvort um er að ræða raddskrá, vasaútgáfu af raddskrá, nótur þar sem hljómsveitarpartur er útsettur fyrir píanó eða nótur fyrir píanó eða önnur einleikshljóðfæri. Ekki er þó ráðlegt að eyða þessum upplýsingum úr innfluttum færslum

5. Til stjórnar Landskerfis bókasafna

Samþykkt var minnisblað um þjónustu og forgangsöröðun verkefna Landskerfis bókasafna þess efnis að komið verði á fót kerfisráði eða sambærilegum samstarfsvettvangi skráningarsérfræðinga og starfsmanna Landskerfis bókasafna. Ráðið telur brýnt að ætlaður sé tími til stöðugrar og reglubundinnar vinnu við þróun Gegnis.

6. Önnur mál

Hildur lagði fram erindi sem barst á gegnir@bok.hi.is frá þýðanda bókar sem var gefin út undir öðrum titli en hann valdi verkinu. Þýðandi fór fram á að bókin yrði skráð í Gegni undir þeim titli sem hann valdi verkinu. Titill þýðanda, Bjöguð enska Lúdmílu, birtist á fortítilblaði og á lausri kápu sem fylgir meginhluta upplagsins. Á titilsíðu: Brotin enska Lúdmílu. Á kápu: Brotin enska Lúdmílu. Niðurstaða skráningarráðs er sú að ekki verði hjá því komist að skrá sem aðaltitil bókarinnar þann

Fundargerð Skráningarráðs 7. apríl 2008

sem birtist á titilsíðu. Aukafærsla er gerð fyrir titil á fortitilblaði og lausri kápu. Bókin er skráð eins og útgefandi gekk frá henni.

Næsti fundur boðaður 7. maí kl. 9-11